



FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG PINGEYINGA

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Blaðsíða 7

**Opið hús
í Hraunholtinu**

Blaðsíða 8

**Færðu Styrktarfélagi
HSN veglega gjöf**

Blaðsíða 9

**Kvennaráðstefna
ASÍ**

Alltaf hress undir stýri



Sumir eru alltaf að, snillingurinn Baldur Baldvinsson, kom að því að aðstoðaverktakann sem sá um framkvæmdirnar í Hraunholtinu í sumar enda vanur maður á steypubíl. Baldur sem er einstakur bílstjóri er ekki síður góður söngmaður og hefur því örugglega oft tekið lagið undir stýri á langri og farsælli starfsæfi.



Forsíða

Margir öflugir iðnaðarmenn hafa komið að byggingu orlofsíbúða Framsýnar og Þingiðnar í Hraunholtinu á Húsavík sem þegar hafa verið teknar í notkun. Einn af þeim er meistarinn Sigursveinn Hreinsson múrarameistari sem er hér að steypa bílaplanið í sumar.

ÚTGEFENDUR

Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 28. nóvember 2024

UPPLAG

900

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Rules of Procedure

for applications to the Framsýn sickness fund

These rules of procedure apply to those members who present foreign receipts for expenses that are covered by reimbursements from the Framsýn sickness fund. To apply for a grant from the sickness fund, the original invoice must be submitted in the original language and in English or Icelandic. Cost sharing shall be broken down on the invoice. If the original of the invoice is issued in English, this is sufficient. A bank receipt from an Icelandic bank confirming payment in Icelandic krona must also be attached. It is imperative that all text is clear and concise. If a translation is not available, a grant will not be paid from the sickness fund.

Regulamin

przy składaniu wniosków do funduszu chorobowego Framsýn

Niniejszy regulamin ma zastosowanie do tych członków, którzy przedstawiają zagraniczne rachunki za wydatki, które są pokrywane ze zwrotów z funduszu chorobowego Framsýn.

Aby ubiegać się o benefity z funduszu chorobowego, należy przedłożyć oryginał faktury w języku oryginalnym oraz w języku angielskim lub islandzkim. Podział kosztów powinien być wyszczególniony na fakturze. Jeśli oryginał faktury jest wystawiony w języku angielskim, jest to wystarczające. Należy również dołączyć pokwitowanie bankowe z islandzkiego banku potwierdzające płatność w koronach islandzkich. Konieczne jest, aby cały tekst był jasny i zwięzły. W przypadku braku tłumaczenia, benefity z funduszu chorobowego, nie zostaną wypłacone.

Starfsreglur

vegna umsókna í sjúkrasjóð Framsýnar

Starfsreglur þessar eiga við um þá félagsmenn sem framvísa erlendum kvittunum fyrir kostnaði sem falla undir endurgreiðslur úr sjúkrasjóði Framsýnar.

Vegna umsókna um styrk úr sjúkrasjóði þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli og á ensku eða íslensku. Kostnaðarskipting skal sundurliðuð á reikningi. Ef frumrit reiknings er gefið út á ensku nægir það. Einnig þarf að fylgja með bankakvittun úr íslenskum banka sem staðfestir greiðslu í íslenskum krónum. Brýnt er að allur texti sé skýr og skilmerkilegur. Sé þýðing ekki fyrir hendi fæst ekki greiddur styrkur úr sjúkrasjóði.

Fundað um réttindi og skyldur

Slökkviliðsmenn innan Norðrþings hafa átt í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins um ákveðin atriði er varða starfsemi Slökkviliðs Norðrþings. Þá hafa slökkviliðsmenn gengið frá kjöri á trúnaðarmönnum til að gæta hagsmuna þeirra. Ágúst S. Óskarsson var kjörinn félagslegur trúnaðarmaður og Sævar Veigar Agnarsson öryggistrúnaðarmaður. Fullur vilji er til þess hjá aðilum að efla slökkviliðið enn frekar, ekki síst með því að bæta starfsumhverfi slökkviliðsmanna.



Slökkviliðsmenn funda um sín mál með trúnaðarmanni og formönnum stéttarfélaganna starfsmanna.

Góður fundur með eldri borgurum

Þriðjudaginn 19. nóvember stóð Framsýn ásamt Lsj. Stapa fyrir fræðslufundi um lífeyrismál í Hlyn, félagsheimili eldri borgara á Húsavík og nágrenni. Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir komu frá Lífeyrissjóðnum Stapa og flutti Jóna erindi um lífeyrismál við starfslok. Þrátt fyrir frekar leiðinlegt veður var mætingin nokkuð góð og fundargestir ánægðir með kynninguna.



Fáir þekkja lífeyrissjóðakerfið betur en Jóna Finndís Jónsdóttir sem fór vel yfir starfsemi lífeyrissjóða auk þess að svara spurningum frá fundarmönnum.

Gjöf sem hitti í mark

Eins og sagt er frá í Fréttabréfinu, undir annarri frétt, færði Framsýn Heilbrigðisstofnun Norðurlands hjartaómtæki að gjöf sem gerir HSN kleift að hafa hjartalækni í hlutastarfi hjá stofnuninni. Greinilegt er að tækið hefur þegar sannað gildi sitt en fólk sem hefur þurft á tækinu að halda hefur sett sig í samband við forsvarsmenn Framsýnar og þakkað félaginu fyrir veglega gjöf sem skipti verulega miklu máli fyrir það og samfélagið allt. Vissulega er ánægjulegt að heyra það enda tilgangurinn með gjöfinni að bæta þjónustu sem þessa. Á myndinni er Sigurður Hjörtur Kristjánsson hjartalæknir við nýja tækið sem hefur slegið í gegn.



Námsstyrkir í boði fyrir félagsmenn

Félagsmenn stéttarfélaganna Þingiðnar og STH eiga rétt á góðum námsstyrkjum úr þeim starfsmenntasjóðum sem þeir eiga aðild að í gegnum samþykktir og kjarasamninga félaganna.

Um er að ræða mjög góða námsstyrki.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Scholarships available for members

Members of Framsyn, Þingiðnar and STH unions are entitled to good scholarships from the education and training funds through the unions' collective agreements.

These are very good scholarships.

More information is available at the Trade Unions office.




STARFSMAAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Minnis- bækur og dagatöl

Félagsmönnum stendur til boða að fá minnisbækur og dagatöl hjá stéttarfélagunum þegar líður að jóluum. Reiknað er með að bækurnar og dagatölin verði klár á Skrifstofu stéttarfélaganna um 10. desember.



Góður fundur með KS

Formaður Framsýnar gerði sér ferð á Sauðárkrók í nóvember til að funda með stjórnendum KS sem nýlega eignuðust Kjarnafæði/Norðlenska. Fram hefur komið í fjölmiðlum að meginmarkmið viðskiptanna sé að auka hagkvæmni, lækka kostnað við slátrun og úrvinnslu kjötafurða og auka þannig skilvirkni og samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu bændum og neytendum til hagsbóta. Fundur Framsýnar með KS var mjög góður í alla staði, menn skiptust á skoðunum um stöðu og framtíðarhorfur í íslenskum landbúnaði. Þá var farið yfir stöðu afurðastöðvanna en Kjarnafæði/Norðlenska rekur öflugan kjötvinnslu og sauðfjársláturhús á Húsavík sem hefur verið í góðu samstarfi við Fjallalamb á Kópaskeri. Framsýn lagði áherslu á að rekstur fyrirtækisins á Húsavík yrði tryggður til framtíðar og þá fælust tækifæri í því að efla Fjallalamb á Kópaskeri með auknu samstarfi aðila.



Verslum í heimabyggð
Viðhöldum verslun og þjónustu með því að versla í heimabyggð.
Stéttarfélagin

Styrkja Þingey með kaupum á Neyðarkalli

Formaður og varaformaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni og Ósk heimsótti Björgunarsveitina Þingey um miðjan nóvember en sveitin er með aðstöðu við Melgötu í Ljósavatnsskarði. Björgunarsveitin var nýkomin úr útkalli þegar fulltrúar Framsýnar renndu í hlað. Þeim var vel tekið enda enduðu þau með því að kaupa stóran neyðarkall sem er fjáröflunarleið fyrir björgunarsveitirnar innan Landsbjargar. Framsýn hefur áður komið að því að styrkja Þingey sem og aðrar deildir á félagssvæðinu sem nær frá Vaðlaheiði til Raufarhafnar enda gegna björgunarsveitir mikilvægu hlutverki í öryggismálum landsmanna.



Uppsetning á nýrri hurð

Á dögnum var unnið að því að setja upp nýja útihurð á Skrifstofu stéttarfélaganna, það er við aðalinnganginn. Eldri hurðin var orðin ansi léleg enda yfir 40 ára gömul. Þá hefur umferð um húsnæði stéttarfélaganna stórauðist á undanförunum árum vegna aukinnar starfsemi í húsinu. Um þessar mundir er jafnframt unnið að því að setja upp nýtt loftræstikerfi á Skrifstofu stéttarfélaganna enda núverandi kerfi löngu komið á tíma.



Píluípróttin komin til að vera á Húsavík

Píla hefur verið stunduð á Íslandi til fjölda ára og verður sífellt vinsælli enda auðvelt að stunda hana þar sem aðstaða er til staðar. Ípróttin hefur hafið innreið sína af fullum krafti á Húsavík og fyrr á árinu var stofnuð Píludeild Völsungs. Hópur fólks, ungir sem gamlir, hafa þegar skráð sig í deildina og fer ört fjölgandi. Undanfarnar vikur og mánuði hafa félagsmenn unnið að því að standsetja aðstöðu í norðurendanum í kjallara Sundlaugar Húsavíkur. Búið er að græja þar fullkomna aðstöðu fyrir deildina sem var opnuð nýlega með formlegum hætti. Aðstaðan er um 70 fermetrar og fyrsta flokks í alla staði. Búið er að koma upp átta spjöldum með lýsingu og fullkomnum brautum. Miðað við áhugann er ekki ólíklegt að stækka þurfi húsnæðið enn frekar á komandi árum en vinnan við núverandi aðstöðu hefur verið unnin í sjálfböðavinnu. Það jákvæða við þessa ípróttagrein er að flestir ef ekki allir geta stundað ípróttina. Fjölmörg dæmi eru um að ungt fólk sem ekki hefur fundið sig í hefðbundnum ípróttagreinunum hafi fundið sér stað í píluípróttinni sem er vel. Góðir styrkir hafa fengist í verkefnið og munar þar mestu um styrk frá Norðurþingi sem lagði deildinni til eina milljón króna til uppbyggingar á nýrri aðstöðu, en húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins. Þá styrktu Framsýn og Þingið verkefnið með 200.000 kr. framlagi auk þess sem stéttarfélagin hafa samþykkt að félagsmenn sem stunda ípróttina geti notað sinn heilsueflingarstyrk hjá félögunum upp í æfingagjaldið. Sú ákvörðun kemur sér afar vel fyrir félagsmenn píludeildarinnar sem jafnframt eru félagsmenn í stéttarfélagunum þar sem þeir geta fengið allt að 50% niðurgreiðslu á æfingagjöldum. Stéttarfélagin halda áfram að gera vel við sína félagsmenn.



Mikil ásókn í íbúðir á vegum Bjargs á Húsavík


Eins og fram hefur komið á heimasíðu stéttarfélaganna hefur Framsýn lengi barist fyrir því að Bjarg íbúðafélag byggði húsnæði á Húsavík í samstarfi við Norðurþing. Framkvæmdir eru þegar hafnar við sex íbúða raðhús að Lyngholti 42-52. Gangi allt eftir verða þær klárar vorið 2025. Til upprifunar má geta þess að Bjarg er sjálfseignarstofnun rekin án hagnaðarmarkmiða. Félaginu er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði, sem eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norðni fyrirmynd. Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur hafa aðgengi að þessum íbúðum enda séu þeir fullgildir félagsmenn. Um þessar mundir er unnið að því að úthluta íbúðunum til umsækjenda. Rúmlega 40 umsóknir bárust um þessar sex íbúðir. Eftirspurn eftir íbúðum sem þessum er greinilega gríðarleg og því þörf á frekari uppbyggingu. Framsýn hefur ákveðið að hefja viðræður við Bjarg um að félagið haldi frekari uppbyggingu áfram á Húsavík í fullu samráði við Norðurþing enda samstarfsverkefni Bjargs og viðkomandi sveitarfélaga þar sem uppbyggingin fer fram.



Nýtt sex íbúða raðhús rís við Lyngholtið á Húsavík. Íbúðirnar eiga að vera klárar í vor.

Framsýn fræðir!

Þekkingarnetið hefur hafið kennslu á námi fyrir fólk með þroskahömlun og aðrar fatlanir. Markmið námsins er að auka atvinnuþátttöku fólks með mismikla starfsgetu. Leitað var til Skrifstofu stéttarfélaganna að halda erindi um einn námshátt sem einfaldlega heitir „Starfsemi stéttarfélaga“. Á myndinni má sjá nemendahópinn sem var mjög áhugasamur. Aðalsteinn J. Halldórsson starfsmaður stéttarfélaganna sá um kynninguna.



Vinnustaðaheimsókn í Fjallalamb

Fulltrúar Framsýnar heimsóttu stjórnendur Fjallalambs á dögunum. Umræða var tekin um nýlokna sláturtíð og framtíðina en dregið hefur verulega úr starfsemi fyrirtækisins á síðustu árum, samhliða því hefur starfsmönnum fækkað töluvert. Í heildina var slátrað tæplega 22.000 fjár þetta haustið, sem er heldur meira en á síðasta ári. Þess ber að geta að ekki var slátrað á Vopnafirði í haust sem gerði það að verkum að hluta af því sauðfé sem hefur verið slátrað þar var slátrað hjá Fjallalambi og KN á Húsavík. Fyrir sláturtíðina gekk Framsýn frá samkomulagi við fyrirtækið um launakjör starfsmanna með sérstöku samkomulagi. Það er von Framsýnar að það takist að efla starfsemi Fjallalambs á komandi árum með aðkomu fjársterkra aðila að fyrirtækinu.



Fallegasta fólkið á þinginu

Þing Alþýðusambands Íslands var haldið um miðjan október í Reykjavík en þingið er haldið á tveggja ára fresti. Þingið fór vel fram og var afar málefnalegt. Finnbjörn A. Hermannsson var endurkjörinn formaður sambandsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá fulltrúa Framsýnar, Þingiðnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar á þinginu. Þetta eru þau Aneta Potrykus, Guðný I. Grímsdóttir, Ósk Helgadóttir, Aðalsteinn Árni Baldursson, Jónas Kristjánsson, María Jónsdóttir og Torfi Aðalsteinnsson.



Framsýn styrkir Blakdeild Völsungs

Framsýn og Blakdeild Völsungs hafa gert með sér samkomulag um að félagið styrki starfsemi deildarinnar næstu tvö árin. Um er að ræða framlengingu á fyrri samningi. Styrkurinn felst í því að Framsýn tekur þátt í búningakaupum á blaklið Völsungs auk þess sem félagið fær auglýsingu á vegg í Íþróttahöllinni á Húsavík. Framsýn hefur lengi verið sterkur bakhjarl æskulýðs- og íþróttastarfs á félagssvæðinu sem eru Þingeyjarsýslur frá Vaðlaheiði að Raufarhöfn.



Málefnalegt þing BSRB

47. þing BSRB var haldið á Hilton Hótel Nordica í byrjun október. Um 220 þingfulltrúar frá öllum aðildarfélögum höfðu seturétt á þinginu. Þing BSRB eru haldin þriðja hvert ár og fara þau með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þingið tekur til umfjöllunar öll þýðingarmikil málefni og mótar stefnu BSRB. Þá er kosið í helstu embætti bandalagsins á þingum þess. Starfsmannafélag Húsavíkur átti tvo góða fulltrúa á þinginu, það er Hermínu Hreiðars formann félagsins og Bergljótu Friðbjörns sem er stjórnarmaður í STH. Þær voru ánægðar með þingið eins og myndin ber með sér.



Ánægjuleg stund í starfi stéttarfélaganna

Í byrjun september komu fyrstu gestirnir í íbúð Framsýnar að Hraunholti 26 á Húsavík. Fyrstur til að taka íbúðina var Dawid Jan Grzyb sem starfar hjá PCC á Bakka. Við það tækifæri færði formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, honum blóm og konfekt frá félaginu. Hann var í íbúðinni ásamt foreldum og systur sem komu til hans í heimsókn til Íslands. Þau voru afar ánægð með íbúðina sem stendur nú félagsmönnum til boða. Þá er íbúð Þingiðnar þegar klár og komin í útleigu. Gríðarleg ásókn er í íbúðirnar og þegar er orðið fullt um jóla og áramót.




Opið hús í Hraunholtinu

Fjölmargir gerðu sér ferð í Hraunholtið á opnum degi til að skoða nýjar og glæsilegar íbúðir stéttarfélaganna, það er að Hraunholti 26 til 28. Almenn ánægja kom fram hjá gestunum með íbúðirnar sem þegar hafa verið teknar í notkun en þær fóru í leigu í september til félagsmanna. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því, að aðeins hluti félagsmanna Framsýnar og Þingiðnar býr á Húsavík, þess vegna ekki síst eru þessar íbúðir kærkomnar þeim félagsmönnum sem búa fjarri Húsavík. Þá eru þegar dæmi um að félagsmenn á Húsavík, sem eru að taka sýnar íbúðir í gegn, leigi íbúð á vegum stéttarfélaganna meðan þeir standa í framkvæmdum. Sjá myndir frá opnu húsi í Hraunholtinu:



Fundað með fulltrúm ASÍ

Í aðdraganda þings ASÍ heimsótti forseti ASÍ, Finnbjörn Hermannsson, ásamt fylgdarliði forsvarsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Umræðuefnið var væntanlegt þing sambandsins í október. Fulltrúar frá Þingið, Framsýn og Verkalýðsfélagi Þórshafnar sátu fundinn með gestunum frá Alþýðusambandinu. Farið var yfir stöðu verkalýðshreyfingarinnar og helstu málafni þingsins. Fundir sem þessar eru afar mikilvægir, það er að forysta hreyfingarinnar fundi með grasrótinni.



Fóru í kynnisferð til Egilsstaða

Starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna gerði sér ferð til Egilsstaða. Tilgangur ferðarinnar var að skoða orlofshús STH á Eiðum sem tekið var í gegn í sumar, heimsækja lögmenn félagsins sem starfa hjá Sókn lögmannstofu og Héraðsprent sem sér um að prenta bæklinga, dagatöl og Fréttabréf stéttarfélaganna. Heimsóknin tókst í alla staði mjög vel og móttökur heimamanna voru frábærar.



Stafsmenn heimsóttu m.a. Héraðsprent á Egilsstöðum sem stofnað var í september 1972 af hjónunum Þráni Skarphéðinssyni og Gunnhildi Ingvarsdóttur. Hér má sjá Þráinn gera gestunum grein fyrir starfsemi fyrirtækisins sem er afar öflugt.

Fullt hús á kynningarfundi Framsýnar og Íslandsbanka

Íslandsbanki í samstarfi við Framsýn stóð nýlega fyrir opnum fræðslufundi um mikilvægi þess að hafa allt á hreinu við undirbúning starfsloka. Meðal þess sem tekið var til umræðu var: Hvenær og hvernig er best að sækja lífeyri og séreignarsparnað, skattamál, skipting lífeyris með maka og greiðslur og skerðingar. Frummælendur á fundinum voru Magnea Gísladóttir, lífeyrisráðgjafi hjá Íslandsbanka og Haraldur Gunnarsson, viðskiptastjóri fyrirtækja og fjárfesta hjá Íslandsbanka. Mætingin var rosalega góð, fullur salur af fólki og góðar umræður.



Færðu Styrktarfélagi HSN veglega gjöf

Um miðjan september færði Framsýn stéttarfélag Styrktarfélagi HSN í Þingeyjarsýslum kr. 15.000.000,- að gjöf til kaupa á tækjum og búnaði fyrir stofnunina og Hvamm heimili aldraðra. Þar munar mestu um kaup á hjartaómtæki sem gerir HSN kleift að hafa hjartalækni í hlutastarfi hjá stofnuninni. Aðalsteinn Árni Baldursson formaður félagsins fylgdi gjöfnni eftir en hún var afhent við hátíðlega athöfn. Búnaðurinn samanstendur af fullkomnu hjartaómtæki, göngubretti, sturtustól-setdýnu, stólavog, eyrnaskoðunartæki, meðgöngumonitor, rannsóknartæki D-dimer og vökvadælu. Daníel Borgþórsson formaður Styrktarfélags HSN og Bergur Elías Ágústsson stjórnarformaður Dvalarheimilisins Hvamms þökkðu Framsýn fyrir höfðingja gjöf. Undir það tóku læknar og annað hjúkrunarfólk sem gerðu gestunum grein fyrir notagildi tækjanna. Þar fór fremstur, Ásgeir Böðvarsson yfirlæknir á sjúkrahúsinu. Í máli þeirra kom fram mikil ánægja með velvild Framsýnar í garð Hvamms og HSN. Lesa má frekar um viðburðinn á heimasíðu stéttarfélaganna. Meðfylgjandi eru myndir frá afhendingunni.



Ryðjum hindrunum úr vegi

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin á Akureyri 14. og 15. nóvember undir yfirskriftinni: Ryðjum hindrunum úr vegi – kvenfrelsi og stéttabarátta. Ráðstefnan í ár var tvíþætt, þar sem annarsvegjar var unnið að hefðbundinni dagskrá, en hún markaði einnig upphaf Kvennaárs 2025, sem ASÍ hyggst taka þátt í út í af fullum krafti, í samstarfi við 36 samtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Fyrir hönd Framsýnar sátu Ósk Helgadóttir og Agnieszka Szczodrowska ráðstefnuna, en með þeim í för var Nele Maria Beitelstein fjölmeningafultrúi Norðurþings. Var ráðstefnan afar vel heppnuð að þeirra sögn, þótt veðurfarið torveldaði samgöngur og ráðstefnugestir yrðu færri en í upphafi var áætlað. Þær stöllu stóðu fyrir málstofu á ráðstefnunni, og var yfirskrift hennar: Samfélagið okkar – konur og fjölmening. Var þar vísað til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa síðustu áratugi, á íbúasamsetningu samfélaga á félagssvæði stéttarfélaganna, sem nær frá Vaðlaheiði í vestri til Raufarhafnar í austri, upplifun þeirra sem koma erlendis frá af dvölinni hér og hvernig við getum gert fólki sem kemur erlendis frá, betur kleift að aðlagast samfélaginu. Nánar er fjallað um ráðstefnuna á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.



Ósk Helgadóttir og Agnieszka Szczodrowska tóku þátt í Kvennaráðstefnu ASÍ, með þeim í för var Nele Maria Beitelstein fjölmeningafultrúi Norðurþings. Málstofa þeirra, Samfélagið okkar – konur og fjölmening, vakti mikla athygli.

Ert þú að fá ræstingarauka?

Í kjarasamningi Framsýnar (SA-SGS) sem undirritaður var í mars, var samið um svokallaðan ræstingarauka fyrir starfsfólk í ræstingum sem tók gildi 1. ágúst 2024 sem þýðir að starfsfólk við ræstingar fær sérstaka viðbótargreiðslu með launum frá þeim tíma. Ræstingaraukinn er greiddur út mánaðarlega og reiknast hann í hlutfalli við starfshlutfall, en fyrir fullt starf er hann 19.500 kr. á mánuði. Hafa ber í huga að ræstingaraukinn er ekki hluti af grunnlaunum og myndar þar af leiðandi ekki stofn fyrir yfirvinnu og aðrar álagsgreiðslur. Í reiknivél SGS á heimasíðu Framsýnar geta félagsmenn séð hvernig ræstingaraukinn sem og aðrar kjarasamningsbundnar hækkningar í kjarasamningi SGS og SA koma til með að líta út m.v. sínar forsendur. Félagsmenn Framsýnar sem starfa við ræstingar á almennum vinnu- markaði eru hvattir til að skoða launaseðla sína og ganga úr skugga um að greiðslan sé að skila sér til þeirra.

Bæklingar í boði fyrir félagsmenn

Framsýn hefur látið útbúa bæklinga á ensku og íslensku með helstu réttindum félagsmanna sem starfa í ferðaþjónustu. Bæklingarnir hafa verið uppfærðir og eru komnir úr prentun. Hægt að er nálgast þá á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Góður fundur með ráðherra

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir fyrrverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra leit við hjá formanni Framsýnar í sumar en hún var á ferðinni hér fyrir norðan. Aðalsteinn Árni var mjög ánægður með heimsóknina og sagði að þau hefðu skipst á skoðunum um þjóðmálin og málefni er tengjast vinnu- markaðinum. Hann sagði að það væri full ástæða til að hæla Áslaugu Örnunni fyrir að gefa sér tíma til að líta við en heimsóknin var að hennar frumkvæði.



Kveður eftir rúmlega 20 ára stjórnarformennsku

Framhaldsaðalfundur Þekkingarnets Þingeyinga fór fram í byrjun september. Þau tíðindi urðu að Aðalsteinn Árni sem jafnframt er formaður Framsýnar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnunarstarfa fyrir Þekkingarnetið en hann hefur lengi setið í stjórn setursins fyrir stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum. Aðalsteinn hefur verið formaður stjórnar þess frá stofnun þess árið 2003, áður var hann í stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. Hann var leystur út með gjöfum um leið og honum voru þökkuð vel unninn störf í þágu Þekkingarnets Þingeyinga af stjórnarmönnum og forstöðumanni Óla Halldórssyni. Aðalsteinn þakkaði fyrir sig og óskaði þess velfarnaðar í störfum sínum í þágu samfélagsins. Þekkingarnet Þingeyinga er símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfar á grunni tveggja stofnana er sameinaðar voru árið 2006. Annars vegar er um að ræða símenntunarmiðstöðina Fræðslumiðstöð Þingeyinga og hins vegar háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfaði undir nafni Þekkingarseturs Þingeyinga fram að sameiningunni. Símenntunarstarfsemin hófst árið 1999 um svipað leyti og aðrar símenntunarstöðvar á landinu hófu starfsemi. Háskólanáms- og rannsóknahlutinn fór hins vegar af stað árið 2003 samhliða Náttúrustofu Norðausturlands, sem starfar undir sama þaki og höfuðstöðvar Þekkingarnetsins á Húsavík við höfnina.




Jólasveinn ársins 2024

Guðný Ingibjörg Grímsdóttir var valin „Jólasveinn ársins 2024“ á lokafundi stjórnar og trúnaðarráðs Framsýnar á árinu. Trúnaðarmönnum á vinnustöðum, starfsmönnum stéttarfélaganna og stjórn Framsýnar-ung var einnig boðið að sitja fundinn sem fram fór föstudaginn 22. nóvember. Fundarmönnum bauðst að kjósa þann félagsmann sem þykir hafa skarað fram úr í starfi Framsýnar á árinu. Titillinn „Jólasveinn ársins 2024“ hlaut Guðný Ingibjörg Grímsdóttir fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins, reyndar til margra ára. Henni hafa verið falið mörg trúnaðarstörf á vegum Framsýnar og er í dag í aðalstjórn félagsins auk þess sem hún hefur um árabil verið trúnaðarmaður starfsmanna ÚA fiskþurrkun á Laugum í Reykjadal. Framsýn óskar Guðnýju til hamingju með titilinn um leið og henni eru þökkuð frábær störf í þágu félagsins. Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir trúnaðarmaður starfsmanna í Borgarhólsskóla er með Guðnýju á myndinni en hún hélt utan um kosninguna ásamt formanni félagsins.



Lagnir lagaðar í Furulundi

Viðhald orlofseigna stéttarfélaganna er afar mikilvægt. Hvað það varðar var ráðist í að skipta út öllum hitalögnum í orlofsíbúð Framsýnar í Furulundi á Akureyri. Verkið gekk mjög vel og er íbúðin þegar komin aftur í leigu. Gömlu lagnirnar voru löngu komnar á tíma og því var ekki hægt að bíða með það lengur að skipta þeim út.



Vegagerðin með verðkönnun á flugi til Húsavíkur

Forsvarsmenn Framsýnar hafa undanfarið verið í sambandi við Vegagerðina varðandi flugsamgöngur milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Vitað er að Vegagerðin bauð flugið út í mars 2024, það er til Húsavíkur og Vestmannaeyja. Eitt tilboð barst í flugleiðina til Húsavíkur sem var ekki tekið. Tilboði Mýflugs í flugið til Vestmannaeyja var hins vegar tekið.

Vegagerðin framkvæmdi verðkönnun meðal flugfélaga í lok nóvember varðandi flugleiðina, Reykjavík – Húsavík til þriggja mánaða. Það er frá 16. desember 2024 til 15. mars 2025. Þegar Fréttabréfið fór í prentun var ekki búið að semja við flugfélag um að sinna fluginu til Húsavíkur en vitað er að tilboð bárust í flugleiðina.



Messað yfir nemendum Laugaskóla

Framsýn og Framhaldsskólinn á Laugum hafa átt gott samstarf um fræðslu er tengist vinnumarkaðinum, starfsemi stéttarfélaganna og lífeyrissjóða. Liður í því er að fulltrúar frá félaginu heimsæki nemendur skólans og fræði þau um þessi mikilvægu mál. Aðalsteinn Árni fór nýlega í heimsókn í skólann ásamt nafna sínum Halldórssyni frá Framsýn. Með í för var Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttinda-sviðs Lsj. Stapa. Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar fór yfir tilgang stéttarfélaganna og vinnumarkaðinn meðan Jóna Finndís fór yfir gagnlegar upplýsingar er tengjast markmiðum lífeyrissjóða. Nemendur Laugaskóla voru áhugasamir og spurðu frummælendur út í hitt og þetta sem tengdist viðfangsefnum dagsins.



Góðir námsstyrkir í boði fyrir félagsmenn

Við gerum betur og betur við okkar félagsmenn. Aðil Framsýnar að fræðslusjóðum í gegnum kjarasamninga, Landsmennt, Sjómennt, Sveitamennt, Ríkismennt og fræðslusjóði verslunarmanna gerir félaginu þetta kleift. Þannig er leitast við að mæta þörfum þeirra félagsmanna sem vilja bæta þekkingu, ná í aukin réttindi og mæta morgundeginum með þá hæfni sem nauðsynleg er. Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu tvö ár eiga rétt á styrk allt að kr. 260.000,- eða síðustu þrjú ár eiga rétt á allt að kr. 390.000,- fyrir eitt samfellt nám eða námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðanna sem eru reyndar aðeins mismunandi. Uppsafnaður réttur skerðist ekki hafi félagsmaður fengið styrk undir kr. 50.000,- á tíma uppsöfnunar. Sá styrkur kemur þó til frádráttar fullum rétti. Almennt er endurgreiðsluhlutfallið 90% af námskeiðsgjaldinu, þó að hámarki kr. 130.000,- á ári. Til viðbótar má geta þess að fullgildir félagsmenn Framsýnar eiga rétt á extra styrk kr. 130.000,- stundi þeir kostnaðarsamt nám. Já, það er best að vera í Framsýn sem veitir hærri námsstyrki en önnur sambærileg stéttarfélög.



Virkilega skemmtilegur fundur

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar ásamt trúnaðarmönnum félagsins á vinnustöðum, starfsmönnum félagsins og stjórn Framsýnar-ung komu saman í fundarsal stéttarfélaganna í lok nóvember. Hefð er fyrir því að klára árið í starfi félagsins með sérstökum jólafundi. Þannig vill Framsýn þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem koma að störfum fyrir félagið fyrir framlag þeirra í þágu félagsins sem er ómetanlegt. Mætingin var að venju mjög góð enda leiðist engum á jólafundinum þar sem boðið er upp á góðar veitingar og heimatilbúin skemmtiatriði. Við látum myndirnar tala sínu máli:



Ósk nýr formaður AN

38. þing Alþýðusambands Norðurlands fór fram í byrjun október á Illugastöðum í Fnjóskadal. Mörg fróðleg erindi voru flutt á þinginu auk þess sem ályktað var um heilbrigðismál. Þá var samþykkt að færa Kvennaathvarfinu á Akureyri kr. 500.000,- frá sambandinu um leið og þingið beinir þeim tilmælum til annarra félagasamtaka, sveitarfélaga og einstaklinga að styðja við bakið á þessari mikilvægu starfsemi. Þá var ný stjórn kjörin. Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar stéttarfélags hlut rússneska kosningu þar sem hún var kjörin formaður sambandsins til næstu tveggja ára. Framsýn og Þingiðn áttu rétt á 16 þingfulltrúum af tæplega 100 þingfulltrúum sem sátu þingið frá aðildafélögum sambandsins á Norðurlandi. Hægt er að lesa frekar um þingið inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.



Ósk Helgadóttir var kjörin formaður AN á þingi sambandsins í haust.



Örn Heimir Björnsson var að sitja sitt fyrsta þing sem fulltrúi Framsýnar en hann er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Mývatn-Berjaya Iceland hotels.

Gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga til umræðu

Framsýn hefur undanfarið hvatt sveitarfélög á félagssvæðinu og fyrirtæki í þeirra eigu til að virða gerða kjarasamninga og yfirlýsingar stjórnvalda og sveitarfélaga sem fylgdu síðustu kjarasamningum varðandi gjaldskrárhækkanir. Verkalýðshreyfingin hefur krafist þess að hækkanirnar fari ekki umfram 3,5% sem er í takt við launahækkanir 1. janúar 2025. Verkalýðshreyfingin hafði krafist hærri launahækkana en eftir þrýsting frá sveitarfélögunum og stjórnvöldum var gengið frá kjarasamningum á þessum nótum, gegn því að sveitarfélögin hefðu hemil á gjaldskrárhækkunum. Því miður hafa þau ekki að öllu leyti staðið við gefin loforð.

Fjölguðum þingeyingum

Markmið Framsýnar er að fjölga þingeyingum sem mest. Í því sambandi er rétt að geta þess að félagsmenn sem greitt hafa til félagsins í 12 mánuði eða lengur eiga rétt á fæðingarstyrk frá félaginu allt að kr. 200.000,-. Styrkurinn fer eftir greiddu félagsgjaldi, hámarksstyrkurinn miðast við að greitt hafi verið af lágmarkslaunum til félagsins í þessa 12 mánuði eða af hærri launum. Séu báðir foreldrarnir í Framsýn tvöfaldast styrkurinn. Koma svo!



Orlofsíbúðir fyrir félagsmenn

Rétt er að ítreka að orlofsíbúðir á vegum stéttarfélaganna eru ætluð félagsmönnum og fjölskyldum þeirra. Stranglega er bannað að framleggja þær áfram til annara aðila.



STARFSMAFFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Gjöf sem gleður – Húsavíkurbréfin vinsæl

Húsavíkurstofa hefur unnið markvisst að því undanfarin ár að kynna og efla sölu Húsavíkurgjafabréfa. Á síðasta ári gekk sala bréfanna með ágætum en verslun í heimabyggð skiptir gríðarlega miklu máli fyrir alla hagaðila. Nýting bréfanna er góð og ánægjulegt að fleiri og fjölbreyttari verslunar- og þjónustuaðilar hafa verið að leysa til sín bréfin. Vegna þessa og óformlegra rannsókna og umtals í samfélaginu má ætla að ánægja sé með bréfin í samfélaginu. Húsavíkurstofa stefnir ótrauð áfram áformum sínum og áætla að halda þessari góðu þróun áfram. Um leið og Húsavíkurstofa minnir á Húsavíkurgjafabréfin nú í aðdraganda aðal sölutíð bréfanna vill hún færa samfélaginu þakkir fyrir þeirra hlut í velgengni þeirra. Við hvetjum fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök sem og einstaklinga til að nýta sér Húsavíkurgjafabréfin til gjafa og styðja þannig við verslun og þjónustu í heimabyggð.

Eins og áður í góðu samstarfi við Sparisjóð S-Þingeyinga er hægt að kaupa bréfin í bankaútibúi sparisjóðsins á Húsavík.

Húsavíkurstofa



Fyrirtæki – stofnanir

Fyrirtækjum og stofnunum sem hafa innan sinna raða starfsmenn sem greiða til Framsýnar stendur til boða að fá góða styrki til fræðslu eða starfsmenntunar úr kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar verður haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2025 kl. 20:00 í fundarsal stéttarfélaganna.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - Kosning starfsmanna fundarins
 - Skýrsla stjórnar
 - Stjórnarkjör
2. Önnur mál



Skorað er á félagsmenn deildarinnar sem falla undir deildina að mæta á fundinn og taka þátt í líflegum umræðum, ekki síst um kjaramál.

Það er félagsmenn Framsýnar sem starfa við verslun, þjónustu og skrifstofustörf.

Stjórn deildarinnar

Aðalfundur Sjómannadeildar

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar stéttarfélags verður haldinn föstudaginn 27. desember 2024 í fundarsal félagsins.

Fundurinn hefst kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kjaramál
3. Önnur mál



Boðið verður upp á hefðbundnar veitingar og óvæntan glaðning.

Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum og taki þátt í líflegum umræðum.

Stjórn deildarinnar

*Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum
óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*





Sérsniðin eignastýringa- þjónusta fyrir þig

Einkabankþjónusta Íslandsbanka býður upp á persónulega langtíma fjárfestingar- og eignastýringaráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila. Símanúmer Einkabankþjónustunnar er 440-4999.

[Islandsbanki.is/einkabanki](https://www.islandsbanki.is/einkabanki)